

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 175/2023

2023/EES/87/32

frá 13. júní 2023

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám
tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/317 frá 21. febrúar 2022 um að veita heitinu „Dehesa Peñalba“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8s (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/842) í I. viðauka við bókun 47 við EES-samninginn:

„8t. **32022 R 0317**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/317 frá 21. febrúar 2022 um að veita heitinu „Dehesa Peñalba“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2022, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/317, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 55, 28.2.2022, bls. 38.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.